

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Reitur II við Holtateig á Eyrarlandsholti.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti 19. október 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga deiliskipulag á reit II við Holtateig á Eyrarlandsholti. Deiliskipulags- svæðið afmarkast af Holtateigi að vestan og Mýrarvegi að austan og norðan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur III við Melateig á Eyrarlandsholti.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti 7. september 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga deiliskipulag á reit III við Melateig á Eyrarlandsholti. Deiliskipulags- svæðið afmarkast af Mýrarvegi að vestan, Hringteigi að norðvestan og Miðteigi að sunnan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 21. febrúar 2000.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri Akureyrar.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Ingibjörg var fædd að Laugabökkum í Ölfusi 2. júní 1901 og lést 29. nóvember 1997 í Vacaville í Kaliforníu. Stofnandi sjóðsins er Krabbameinsfélag Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á krabbameinum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er „eittundrað og sextíu þúsund bandaríkjadalir“ eða jafnvirði „ellefu milljóna og fimmhundrað þúsund íslenskra króna“ sem Ingibjörg ánafnaði Krabbameinsfélagi Íslands í arfleðsluskrá dagsettri 21. ágúst 1990.

5. gr.

Sjóðurinn hefur aðgreindan fjárhag sem er í vörslu Krabbameinsfélags Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög- giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.